

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi P 131/349
Erindi nr. P 131/349
komudagur 2.12.2004

Reykjavík, 1. desember 2004

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir - 192. mál, hollustuháttaráð.

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs Nefndasviðs Alþingis dags. 16. nóvember 2004 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Almenn umsögn

Með frumvarpinu verður sú breyting að hollustuháttaráð verður lagt niður og í stað þess komi nefnd með fulltrúum skipuðum af umhverfisráðuneyti, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum íslenskra sveitarfélaga. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er sátt við þá breytingu. Félagið vill þó benda á að æskilegt væri að tekið yrði fram í hinni nýju 17. gr. laganna að fulltrúi sá sem skipaður er af Sambandi íslenskra sveitafélaga hafi tengsl við og þekkingu af störfum heilbrigðisnefnda. Ályktun þessa efnis var samþykkt á aðalfundi Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa þann 20. október sl. Mikilvægt er að hafa slíkan aðila í nefndinni til að tryggja að hagsmuni og sjónarmið heilbrigðisnefnda og starfsmanna þeirra.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,
Formaður FHU